

ÁRSSKÝRSLA 2018
annual report

unicef | fyrir öll börn


© UNICEF / Pilipet

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, er **leiðandi í hjálparstarfi fyrir börn í heiminum**. Við berjumst fyrir réttindum allra barna og sinnum bæði langtímauppbyggingu og neyðaraðstoð. Við erum á vettvangi í yfir 190 löndum og höfum að leiðarljósi að börn njóti velferðar – hvar sem þau er að finna. UNICEF leggur ríka áherslu á að ná til þeirra barna sem helst eiga undir högg að sækja.

ÖLL BÖRN EIGA RÉTT

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fæðast öll börn með ófrávíkjanleg réttindi. Hins vegar fá ekki öll börn notið þeirra. Þessu viljum við breyta. UNICEF trúir því að heilbrigð barnæska og mannsæmandi líf séu réttur allra barna.

Á hverjum degi sjáum við **árangur af baráttu okkar** – árangur sem hefur bein áhrif á líf barna víða og breitt um heiminn. Þetta er okkar helsti drifkraftur.

Barátta UNICEF á þátt í að stórlega hefur dregið úr barnadauða á heimsvísu, fleiri börn fara í skóla nú en nokkru sinni fyrr, margfalt fjölmennari hópur barna fær meðferð við HIV en áður og fleiri hafa aðgang að hreinu vatni nú en nokkru sinni fyrr. UNICEF stendur fyrir varanlegum umbótum sem **breyta heiminum** þegar til lengri tíma er litið.

Í allri okkar baráttu treystum við eingöngu á frjáls framlög. Mánaðarlegar gjafir heimsforeldra gera UNICEF kleift að bregðast samstundis við þegar neyðarástand brýst út, vera áfram til staðar fyrir börn eftir að kastljós fjölmiðla er farið annað, sinna hjálparstarfi á svæðum sem njóta engrar fjölmiðlaathygli, skipuleggja hjálparstarf yfir lengri tíma og beita sér á heimsvísu.

UNICEF nýtur mikils trausts og leggur áherslu á víðtæka samvinnu við yfirvöld, félagasamtök, samfélög og börnin sjálf. Við gegnum leiðandi hlutverki í hjálparstarfi fyrir börn og erum því í einstakri stöðu til að þrýsta á um stórfelldar breytingar sem hafa áhrif á heimsvísu.

Við erum Odda afar þakklát fyrir að gefa hönnun og prentun þessarar ársskýrslu.

Forsýðumynd: © UNICEF / Pilipet

Prentvinnsla: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja



© UNICEF

EFNISYFIRLIT

Frá stjórnarformanni 4
Fjáröflun 5
Innanlandsstarf 9
Svipmyndir úr starfi UNICEF á Íslandi 10
Fjármál 12
Framlög íslenska ríkisins til UNICEF 14
Overview of the year 2018 16
Við erum UNICEF á Íslandi 18



© UNICEF


© UNICEF / Herwig

Frá stjórnarformanni



Árið 2018 hélt UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, áfram baráttu sinni fyrir réttindum og velferð barna um allan heim. UNICEF starfar með Barnasáttmálann að leiðarljósi í átt að markmiðum sínum að tryggja börnum réttindi og hjálparhönd þegar þörf er á.

2018 var mitt fyrsta ár sem formaður stjórnar UNICEF á Íslandi en ég tók við góðu búi af Guðrúnu Ögmundsdóttur. Í gegnum stjórnarsetu mína síðustu ár hef ég fengið að kynnast því mikilvæga starfi sem UNICEF vinnur. Árið 2018 var neyð af völdum átaka helsta áskorun UNICEF en starfsfólk UNICEF sinnir neyðaraðstoð um allan heim af mikilli elju. Þótt margt sé enn óunnið þegar kemur að réttindum barna heimsins, sér í lagi barna í neyð, er mikilvægt að fagna sigrum þegar þeir vinnast og minna okkur á þann mikla árangur sem náðst hefur.

Árið 2018 tryggði UNICEF á Íslandi, í krafti stuðningsaðila, börnum um allan heim meðal annars hreint vatn, bólusetningar og menntun. Mikil viðbrögð voru við ákalli UNICEF um að tryggja börnum í flóttamannabúðum hlý föt og næringu til að hjálpa þeim í gegnum veturinn. UNICEF leysti börn úr hermennsku og hjálpaði börnum við mikla neyð í Jemen, Sýrlandi og Mið-Afríkuríkulýðveldinu. Innanlandsstarf landsnefndarinnar jókst til muna í þágu barna á Íslandi. Innleiðing Barnasáttmálans í skólum og sveitarfélögum heldur áfram að breiða út gildi mannréttinda. UNICEF fræddi börn um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á jafnaldra þeirra víða um heim, og þrýsti á stjórnvöld að tryggja réttindi barna sem sækja hér um alþjóðlega vernd.

Heimsmeistaramótið í fótbolta var skemmtileg upplifun ekki bara fyrir landsmenn heldur einnig fyrir starf UNICEF sem naut góðs af áheitum ýmissa fyrirtækja á frammistöðu íslenska liðsins. Samtals söfnuðust um 8 milljónir í áheitum sem runnu til starfs UNICEF og vakin var athygli á rétti barna til þess að leika sér, sérstaklega þar sem neyð ríkir. Einnig var Alþjóðadegi barna fagnað á mynduglegan hátt þann 20. nóvember.

Starf UNICEF væri ekki mögulegt án frjálsra framlaga hinna ýmsu stuðningsaðila. Því var ákaflega gleðilegt að fagna 10 ára samstarfi með Te & Kaffi og þeim árangri sem samstarfið hefur skilað. Einnig bættust 925 heimsforeldrar í sívaxandi hóp baráttufólks sem veita börnum ómetanlegan stuðning. Með hjálp þjóðarinnar hefur UNICEF á Íslandi náð að tryggja ótal börnum betra líf.

Það gleður mig að sjá þann árangur sem UNICEF á Íslandi hefur unnið hörðum höndum að í samstarfi við almenning, stofnanir og félagasamtök og lesa má um í skýrslu þessari. Því langar mig að lokum að færa hugheilar þakkir til stjórnar, starfsfólks og þeirra fjölmörgu heimsforeldra, fyrirtækja og samstarfsaðila á öllum aldri sem lögðu sitt af mörkum í baráttunni. Ótal börn um allan heim eiga ykkur mikið að þakka. Takk fyrir.

Erna Kristín Blöndal
stjórnarformaður UNICEF á Íslandi








Fjáröflun

Öll barátta UNICEF í þágu barna byggist á frjálsum framlögum. Langstærstur hluti framlaganna hér á landi kemur frá mánaðarlegum stuðningsaðilum, heimsforeldrum. Ef ekki væri fyrir þennan stuðning og alla samstarfsaðilana sem styðja okkur gætum við ekki sinnt langtímauppbyggingu um víða veröld eða brugðist strax við þegar neyðarástand skapast.

Heildarinnkoma UNICEF á Íslandi var rúmar 730 milljónir króna árið 2018. Um er að ræða 10,2% vöxt á milli ára. Af slíkum vexti njóta þúsundir barna góðs. Engin landsnefnd hjá UNICEF safnar hlutfallslega hærri framlögum. Alls kom 81% af heildarinnkomu UNICEF á Íslandi árið 2018 frá heimsforeldrum.



Heimsforeldrar

Heimsforeldrar UNICEF eru hugsjónafólk sem berst fyrir réttindum barna á heimsvísu. Saman gæta heimsforeldrar og UNICEF að velferð barna um allan heim og drífa áfram varanlegar umbætur. Heimsforeldrar leggja baráttu UNICEF lið í hverjum einasta mánuði og gera okkur þannig meðal annars kleift að bregðast strax við þegar neyðarástand brýst út, vera áfram til staðar fyrir börn eftir að kastljós fjölmiðla er farið annað, sinna hjálparstarfi á svæðum sem njóta lítillar fjölmiðlaathygli, skipuleggja hjálparstarf til lengri tíma og beita okkur á heimsvísu.

Árið 2018 bættust 925 landsmenn í hóp heimsforeldra UNICEF á Íslandi og í lok árs var fjöldi heimsforeldra því um 26.700 manns. Gjafir þeirra námu alls rúmlega 592 milljónum króna á árinu. Þessi fjölmenni og fjölbreytti hópur samanstendur af fólki úr öllum aldurshópum hvaðanæva að af landinu sem á það sameiginlegt að vilja leggja sitt af mörkum til að bæta heiminn fyrir börn. Á hverjum degi sést árangur af þessari sameiginlegu baráttu okkar – árangur sem hefur bein áhrif á börn og færir þeim von og betra líf.

Neyðarsafnanir

Árið 2018 var því miður afar erfitt fyrir börn víða um heim. Ótal börn upplifðu hungur, ofbeldi og ótta, neyddust til að flýja heimili sín vegna stríðsátaka eða náttúruhamfara og misstu foreldra sína úr skæðum sjúkdómum. Landsmenn létu ekki á sér standa og lögðu sitt af mörkum til að bregðast við því neyðarástandi sem skapaðist á árinu og var greinilegt að almenningi og fyrirtækjum á Íslandi er umhugað um velferð allra barna, sama hvar í heiminum þau búa.

Í maí hóf UNICEF á Íslandi neyðarsöfnun fyrir börn í Jemen en margra ára átök hafa skapað gríðarlega neyð í landinu. Til að marka upphaf neyðarátaksins setti UNICEF á Íslandi upp sýningu í Hafnarhúsinu þar sem gestir fengu að heyra hvernig stríðið hefur haft áhrif á börn í Jemen. Yfirskrift átaksins var „Má ég segja þér soldið?“, sem er vísun í algengt talmál barna, en Jemen hefur í kjölfar stríðsins orðið að einum versta stað í heimi til að vera barn. Eftir margra ára átök þarfnast næstum hvert einasta barn í Jemen neyðaraðstoðar. Mörg þúsund börn hafa látið lífið eða verið limlest í borgarastríðinu og lífi og framtíð margfalt fleiri barna er ógnað. Innviðir landsins hafa verið eyðilagðir, aðgangur að hreinu vatni


© UNICEF / Schermbrucker


© UNICEF / Dejongh


© UNICEF

og næringu er takmarkaður og heilbrigðiskerfið er að hruni komið. Í ofanálag braust út skæður kólerufaraldur í landinu á síðasta ári en fleiri en milljón tilfelli hafa verið greind.

Framlögin úr neyðarsöfnuninni nýttust meðal annars í að meðhöndla börn gegn vannæringu, að tryggja vatns- og hreinlætisaðstöðu og til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Einnig voru framlögin nýtt til að bólusetja börn gegn mænusótt, dreifa skólagögnum og til að setja upp barnvæn svæði þar sem bæði kennsla og sálræn aðstoð er í boði fyrir börn. Neyðarsöfnunin gekk vel og fékk ákallið mikinn meðbyr í samfélaginu. Strax í maí höfðu safnast yfir 12 milljónir, þar af fimm í vel heppnuðu skákmaraþoni Hrafns Jökulssonar og Hróksins. Í heildina söfnuðust um 29,8 milljónir króna fyrir börn í Jemen á árinu. Kvika var styrktaraðili neyðarsöfnunarinnar.

Neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi vegna stríðsins í Sýrlandi hélt áfram á árinu. Sjö ár voru liðin síðan stríðið hófst og höfðu aðstæður barna í landinu aldrei verið verri. Áætlað var að rúmar fimm milljónir barna þyrftu á mannúðaraðstoð að halda. Það eru tólf sinnum fleiri börn en árið 2012. Neyðaraðgerðirnar í Sýrlandi og nágrannaríkjum eru þær umfangsmestu frá stofnun UNICEF fyrir rúmum sjötíu árum. Milljónir barna líða fyrir stríðið á hverjum degi og börn eru hvorki örugg heima hjá sér, í skólum, á leiksvæðum né á sjúkrahúsum. Í heildina söfnuðust rúmar 4 milljónir króna fyrir Sýrland á árinu.

Samtals söfnuðust um 37 milljónir króna í neyðarsafnanir árið 2018.

Samstarfsfyrirtæki

UNICEF á Íslandi hefur í gegnum tíðina notið mikillar velvildar fyrirtækja sem styðja baráttuna með beinum fjárframlögum, afsláttarkjörum, kaupum á Sönnum gjöfum og styrkjum í neyðarsafnanir. Við erum öllum stuðningsaðilum okkar hjartanlega þakklát fyrir ómetanlegt framlag.

Te & Kaffi hefur verið samstarfsaðili okkar frá árinu 2008. Samstarfið felst meðal annars í kaffisölu til fyrirtækja sem skilar umtalsverðum fjármunum til hjálparstarfs okkar og gleður um leið kaffiþyrsta starfsmenn um allt land. Árið 2018 var 10 ára afmæli þessa samstarfs fagnað og blásið var til veisluhalda í Smáralind í október með pompi og prakt. Í kjölfarið var farið af stað með 10 daga söfnunarátak þar sem Te & Kaffi gaf næringarmjólk með hverjum bolla og bauð viðskiptavinum sínum að gera slíkt hið sama. Afmælisviðburður og söfnun Te & Kaffi safnaði rúmlega þremur milljónum króna á árinu.

Lindex á Íslandi og UNICEF á Íslandi hafa átt farsælt samstarf síðustu ár. Lindex studdi við neyðarsöfnun okkar fyrir Jemen ásamt því að taka áfram þátt í árlegu jólaátaki UNICEF og Lindex. Lindex seldi meðal annars jólakort í verslunum sínum fyrir rúmar þrjár milljónir. UNICEF dagurinn var einnig haldinn hátíðlegur í Lindex í Smáralind stuttu fyrir jól þar sem við kynntum hjálpargögn, seldum jólakort og glöddumst saman yfir farsælu samstarfi.

Við endurnýjuðum samstarfssamning okkar við Kviku á árinu en UNICEF og Kvika hafa verið í samstarfi síðan árið 2013. Kvika er aðal samstarfsaðili UNICEF á Íslandi á sviði bankaþjónustu og velunnari heimsforeldra. Kvika niðurgreiðir bankakostnað heimsforeldra og gerir UNICEF á Íslandi þannig kleift að nýta söfnunarfé enn betur í þágu


© UNICEF / Wilander


© UNICEF



Ýmis fyrirtæki á Íslandi studdu baráttu UNICEF vegna Heimsmeistaramóts karla í fótbolta sem fram fór um sumarið.

Lyfjafyrirtækið Alvogen ákvað að hefja leikinn með áskorun á karlalandsliðið undir yfirskriftinni *Leikur fyrir #öllbörn* og heita einni milljón króna á hvert mark liðsins til styrktar UNICEF. Hugmyndin var að sameina leik og gleði fótboltans og réttindi barna til að stunda tómstundir og leika sér í öruggu umhverfi.

Fjölmörg fyrirtæki svöruðu kallinu og hétu frá 250.000 – 1.000.000 krónum á liðið, en það voru Norðurál, Eimskip, Deloitte, Vörður tryggingar og Alvotech. Hvert mark íslenska landsliðsins skilaði því 2.750.000 krónum til baráttu UNICEF.

UNICEF á Íslandi nýtti áheitin til að útvega leikjakassa sem innihalda fótbolta, ýmis leikföng, skólatöskur og námsgögn. Leikjakassar eru notaðir á barnvænum svæðum í flóttamannabúðum og á hamfarasvæðum víða um heim, til dæmis fyrir börn á flótta í Sýrlandi, Írak, Bangladess og Jemen. Á barnvænum svæðum geta börn haldið menntun sinni áfram, leikið sér og fengið sálrænan stuðning til að vinna úr áföllum sínum. Samtals söfnuðust 8 milljónir í átakinu.


réttinda og velferðar barna. Kvika studdi einnig neyðarsöfnun okkar fyrir Jemen á vormánuðum.

Alvogen hefur verið dyggur stuðningsaðili okkar til margra ára og sumarið 2018 tóku Alvogen og UNICEF höndum saman um áskorun til fyrirtækja landsins í kringum HM ævintýri karlalandsliðsins í fótbolta. Alvogen skoraði þar á önnur fyrirtæki á Íslandi að heita styrk á hvert mark sem landsliðið skoraði á heimsmeistaramótinu. Alvogen og Norðurál hétu milljón á hvert skorað mark en Eimskip, Deloitte, Vörður og Alvotech hétu 250-500 þúsund krónum. Áskorunin safnaði 8 milljónum króna sem nýttar voru til kaupa á 414 leikjakössum sem notaðir eru á barnvænum svæðum í flóttamannabúðum og á hamfarasvæðum víða um heim, til dæmis fyrir börn á flótta í Sýrlandi, Írak, Bangladess og Jemen.

Við færum prentsmiðjunni Odda kærar þakkir fyrir farsælt samstarf, en Oddi hefur verið mikilvægur samstarfsaðili okkar allt frá því að UNICEF hóf starfsemi á Íslandi. Oddi setur upp og prentar ársskýrsluna okkar endurgjaldslaust, sem og samskiptaefnið okkar fyrir heimsforelda.

Fasteignafélagið Reitir leigir okkur skrifstofuhúsnæði að Laugavegi 176 á mjög góðum kjörum.

Einnig viljum við þakka öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem gefið hafa framlög á árinu og hjálpað okkur þannig að hjálpa enn fleiri börnum út um allan heim.


© UNICEF / Dejongh


© UNICEF / Wilander


© UNICEF / Dejongh


© UNICEF

Sjóðir

Farsælt samstarf UNICEF á Íslandi og Fatimusjóðsins hélt áfram á árinu. Í júní afhentu fulltrúar Fatimusjóðsins UNICEF á Íslandi 4,8 milljóna króna framlag sem rann til stríðshrjáðra barna í Jemen. Hluti upphæðarinnar var afrakstur af skákmaraþoni Hrafns Jökulssonar en teflt var í minningu Jóhönnu Kristjónsdóttur, móður hans, sem féll frá skömmu fyrir maraþonið. Jóhanna var mikil baráttukona fyrir breyttum heimi en hún stofnaði Fatimusjóðinn árið 2005 og sjálf safnaði hún framlögum fyrir börn í neyð allt þar til yfir lauk. Þökk sé rausnarlegum stuðningi Fatimusjóðsins gat UNICEF veitt börnum í Jemen hjálp en talið var að um 80% barna í landinu þyrftu á brýnni aðstoð að halda.

Aðrir styrkir

Auk þeirra styrkja sem þegar hafa verið nefndir barst UNICEF á Íslandi stuðningur víðsvegar að á árinu frá almenningi. Um er að ræða framlög frá nemendafélögum og góðgerðaráðum framhaldsskóla, framlög frá grunnskólanemendum sem tóku þátt í UNICEF-hreyfingunni, ágóða af tombólum dugmikilla barna, sölu á minningarkortum auk mikils fjölda óvæntra gjafa frá einstaklingum. Samtals námu aðrir styrkir um 8,5 milljónum króna.

Sannar gjafir

Sannar gjafir héldu áfram að gleðja árið 2018. Um er að ræða hjálpargögn sem keypt eru í nafni þess sem gjöfina fær en hjálpargögnin nýtast í starfi UNICEF fyrir börn um allan heim.

Á bolludeginum í febrúar var meðal annars boðið upp á Sannar bollur sem innihéldu hjálpargögn á borð við vatnshreinsitöflur, námsgögn og bóluefni.

Fyrir jólin vann UNICEF sem áður náið með Lindex og jólakort Sannra gjafa voru seld í verslunum þeirra. Alls seldust 2.156 kort fyrir rúmar þrjár milljónir króna sem nýtast til kaupa á ótal hjálpargögnum. Um jólin var einnig vakin athygli á Sönnum gjöfum í jólapakkann með aðstoð landsþekktra einstaklinga. Þau tóku þátt í gerð myndbanda og slógu á létta strengi með því að föndra misvel heppnað jólaskraut í jólapakkann, en enduðu á að ákveða þess í stað að gefa Sannar gjafir. Myndböndin fóru víða á samfélagsmiðlum sem og í öðrum fjölmiðlum.

Alls voru keyptar Sannar gjafir fyrir rúmlega 30 milljónir króna á árinu. UNICEF á Íslandi sendir hlýjar þakkir til allra sem gáfu slíkar gjafir en einnig hamingjuóskir til þeirra sem þær fengu – fallegar gjafir sem komu sannarlega að góðum notum!



Innanlandsstarf

Innanlandsstarf UNICEF á Íslandi var afar öflugt að vanda á árinu. Ýmsir íslenskir skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar innleiddu Barnasáttmálann með hjálp UNICEF. Kópavogsbær undirritaði einnig samstarfssamning við UNICEF um þá stefnu bæjarfélagsins að hljóta viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag. Þar með skuldbundu fulltrúar Kópavogsbæjar sig til þess að setja upp „barnaréttindagleraugun“ þegar verk- og ákvarðanaferli eru skoðuð og að forsendur Barnasáttmálans verði rauður þráður í gegnum þjónustu sveitarfélagsins. Innleiðing Barnasáttmálans er hluti af stefnu bæjarfélagsins um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Helgi Grímsson, sviðstjóri Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar skrifaði einnig undir viljayfirlýsingu með UNICEF á Íslandi um frekara samstarf og innleiðingu hugmyndafræði réttindaskóla UNICEF.

Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, *Child Friendly Cities*, en það hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim. Barnvæn sveitarfélög vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna og UNICEF á Íslandi styður sveitarfélögin í innleiðingu sinni á Barnasáttmálanum. Kópavogsbær verður annað sveitarfélagið til að nýta sér líkanið en Akureyrarbær var fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að taka þátt í verkefninu.

Viðhorfskannanir meðal barna og fullorðinna í Réttindaskólunum sýndi þá þróun sem orðið hefur frá upphafi verkefnisins árið áður. Þær bentu til jákvæðra áhrifa á þekkingu skólasamfélagins á mannréttindum barna. Börnin þekktu réttindi sín betur og höfðu betri vitneskju um að réttindi verða ekki tekin frá þeim. Þá sögðu fleiri börn fullorðna fólkið spyrja þau álits um hvernig hægt væri að gera skólana, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar þeirra betri. Réttindaskólar juku tækifærin fyrir börn til þess að láta skoðanir sínar í ljós og þá upplifun að tekið sé mark á þeim. Áhersla var lögð á að börn sem þekkja réttindi sín eru færari í að láta vita ef brotið er á þeim.

Frá árinu 2006 hefur UNICEF á Íslandi starfrækt ungmennaráð þar sem sitja að jafnaði 15 ungmenni. Hlutverk ungmennaráðsins er að vinna að verkefnum sem vekja athygli á réttindum og hagsmunum barna, bæði á Íslandi og í öðrum löndum, sjálfstætt og með starfsfólki UNICEF á Íslandi. Meðal verkefna ráðsins var að taka þátt í alþjóðadegi barna þann 20. nóvember. Ungmennaráðið fór sömuleiðis með jafningjafræðslu um réttindi barna og Barnasáttmálann í grunnskólum.

Starfsfólk innanlandsdeildar UNICEF á Íslandi hélt einnig fjölmargar kynningar og námskeið um réttindi barna, innleiðingu Barnasáttmálans og baráttu UNICEF. Styrkir til innanlandsstarfs á árinu 2018 námu um 22,5 milljónum króna.

UNICEF-hreyfingin

UNICEF-hreyfingin er fræðslu- og fjáröflunarverkefni fyrir grunnskólabörn á Íslandi. Markmið þess er að fræða börn um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og virkja þau til samstöðu með jafnöldrum sínum víða um heim. Börnin fá vandaða fræðslu um réttindi sín, baráttu UNICEF í þágu allra barna og ólíkar aðstæður jafnaldra sinna í öðrum löndum. Þau láta síðan til sín taka með áheitasöfnun sem nær hámarki á sérstökum viðburðadegi sem skólinn eða frístundin skipuleggur. Hugmyndin er að þau átti sig á að öll börn eigi sömu réttindi og að saman geti þau lagt sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað.

Árið 2018 tóku 46 skólar þátt í UNICEF-hreyfingunni og voru loftslagsbreytingar þema verkefnisins í þetta sinn. Á alþjóðlegum degi umhverfisins birti UNICEF fræðslumyndina *Endurnýta, endurvinna og eyða minna* sem sýnd var í tugum grunnskóla um allt land. Myndin var gerð í samstarfi við Ævar Þór Benediktsson (Ævar vísindamann) og fjallar um áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barna. Alls söfnuðust samtals um 5,5 milljónir króna.

Réttindaskólar hlutu viðurkenningu á alþjóðlegum degi barna

Fyrstu Réttindaskólar UNICEF á Íslandi hlutu viðurkenningu á alþjóðlegum degi barna, þann 20. nóvember 2017. Síðan þá hafa fleiri skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar ákveðið að leggja af stað í þá vegferð að innleiða Barnasáttmálann með markvissum hætti og styðjast við hugmyndafræði Réttindaskóla í þeirri vinnu. Alþjóðlegur dagur barna var haldinn hátíðlegur 20. nóvember. Þá voru réttindaráð vesturbæjar Reykjavíkur formlega stofnuð. Réttindaráðin eru fjögur talsins og starfa við Vesturbæjarskóla og Skýjaborgir, Melaskóla og Selið, Grandaskóla og Undraland, Hagaskóla og Frosta og Frístundaheimilið Frostheima. Viðhorfskannanir meðal barna og fullorðinna í Réttindaskólunum benda til afar jákvæðra áhrifa verkefnisins á þekkingu skóla-og frístundasamfélagsins á mannréttindum barna. Börnin þekktu réttindi sín betur og vissu að réttindin verða ekki frá þeim tekin, jafnvel þótt þau geri eitthvað af sér. Vitundarvakning á réttindum barna hefur sannarlega átt sér stað. Við höfum stráð fræjum og nú er komið að uppskerutíma. Því vinnur innanlandsteymið hörðum höndum að því að efla réttindafræðslu og stuðla að hagnýtingu sáttmálans bæði í leik og starfi.



© UNICEF

Svipmyndir úr starfi



UNICEF og Te & Kaffi – Saman í 10 ár

UNICEF á Íslandi og Te & Kaffi fögnuðu 10 ára samstarfsafmæli með afmælisveislu í Smáralindinni þar sem Páll Óskar steig á svið og ljósmyndasýning opnaði. Samhliða afmælinu hófst 10 daga söfnunarátak með það markmið að bregðast við hungri í heiminum. Alls söfnuðust 11.363 lítrar af næringarmjólk fyrir börn í tilefni afmælisins.



Ævar, Katrín og alþjóðadagur barna

Í tilefni af alþjóðadegi barna, þann 20. nóvember, fór Ævar Þór Benediktsson með fulltrúum frá UNICEF á Íslandi í stjórnarráðið með mikilvæg skilaboð frá börnum í Flataskóla. Börnin höfðu skrifað skilaboð um réttindi barna á fallega skreytta loftbelgi sem þau vonast til að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra láti berast til leiðtoga heimsins.



Neyðarsöfnun fyrir börn í Jemen

Neyðarsöfnun UNICEF fyrir börn í Jemen hófst með áhrifamiklum viðburði í Hafnarhúsinu í maí þar sem gestir fengu að heyra hvaða áhrif stríðið hefur haft á börn í Jemen. Yfirskrift átaksins var „Má ég segja þér soldið?“ sem vísar í raunverulegar sögur barna í landinu.

UNICEF á Íslandi 2018



© UNICEF

Laugalækjarskóli verður Réttindaskóli

Hátíðlegt var í Laugalækjarskóla þegar skólinn varð formlega Réttindaskóli UNICEF á Íslandi. Að auki hlutu frístundaheimilið Dalheimar og félagsmiðstöðin Laugó viðurkenningu sem Réttindafrístund. Viðurkenninguna fengu þau fyrir að innleiða hugmyndafræði Réttindaskóla UNICEF og þar með Barnasáttmálann í öllu sínu starfi.


© UNICEF

Skákmaraþon til styrktar börnum í Jemen

Á fimmtu milljón safnaðist í vel heppnuðu skákmaraþoni Hrafns Jökulssonar og Hróksins fyrir börn í Jemen. Maraþonið var haldið í minningu Jóhönnu Kristjónsdóttur en hún var dugmikil baráttukona fyrir bættum heimi og stofnandi Fatimusjóðsins, sem hefur verið dyggur stuðningsaðili UNICEF á Íslandi.


© UNICEF

Fyrstu 1000 dagarnir

Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og UNICEF á Íslandi hófu samstarf á árinu til að vekja athygli á mikilvægi örvunar og tengsla í lífi ungbarna á mikilvægustu dögum lífs þeirra – fyrstu 1000 dögunum. Samstarfið fólst í útgáfu á veggspjaldi með ráðum um þroska og umönnun barna. Útgáfan er hluti af alþjóðlegu átaki UNICEF, #EarlyMomentsMatter.


© UNICEF

Verndað í raun?

Í byrjun árs gáfum við út nýja skýrslu um stöðu barna sem leita eftir alþjóðlegri vernd á Norðurlöndunum. Í skýrslunni, sem ber heitið *Verndað í raun? Greining á viðbrögðum Norðurlanda við umsóknum barna um alþjóðlega vernd,* kemur fram að íslensk stjórnvöld þurfa að tryggja betur að börnum sé ekki mismunað á grundvelli þess að þau séu umsækjendur um alþjóðlega vernd. Skýrslan var kynnt fyrir fullu húsi í Norræna húsinu.


© UNICEF / Hung


© UNICEF / Watad


Fjármál

Innkoma UNICEF á Íslandi á árinu 2018 var rúmar 730 milljónir króna. Eins og undanfarin ár var framlag heimsforeldra stærsti liðurinn í innkomu landsnefndarinnar, eða 81%. Ráðstöfun til hjálparstarfs erlendis jókst milli ára, og var stærstum hluta, eða rúmum 470 milljónum króna, varið til reglubundinnar baráttu UNICEF í þeim löndum þar sem þörfin er mest.

Árið 2018 var tæpum 30 milljónum króna varið í réttindagæslu og verkefni fyrir börn á Íslandi. Kostnaður við fjáröflun, kynningarmál og stjórnun og rekstur skrifstofu nam 165,7 milljónum króna árið 2018. Vegna beinna rekstrarframlaga var aðeins um 21 % af söfnunarfé varið til reksturs landsnefndarinnar. Söfnunarfé var varið þannig að af hverjum 100 krónum sem gefnar voru til UNICEF á Íslandi fóru 70 aurar í stjórnun, rúmar 2 krónur í kynningarmál og 18 krónur í að safna næstu 100 krónum og hjálpa enn fleiri börnum.

Íslensk fyrirtæki hafa stutt dyggilega við verkefni UNICEF síðan landsnefndin var stofnuð árið 2004 og kunnum við þeim öllum bestu þakkir fyrir stuðninginn. Kvika, Lindex og Te & Kaffi voru fremst í flokki samstarfsfyrirtækja árið 2018, en fjöldi fyrirtækja studdi einnig við neyðaraðgerðir UNICEF í Sýrlandi, Líbanon, Bangladess, Jemen og Mjanmar. Fatimusjóðurinn gaf rausnarlegt framlag til neyðaraðgerða UNICEF fyrir stríðshrjáð börn í Jemen. Heildarupphæð framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og sjóðum til neyðarsafnana á árinu 2018 var um 37 milljónir króna.


Ráðstöfun söfnunarfjár árið 2018
Allocation of donations in 2018



79,09% ráðstafað til baráttu
UNICEF fyrir börn um allan heim

- Alþjóðleg verkefni UNICEF
- Réttindagæsla og verkefni á Íslandi
- Kynningarmál
- Stjórnun
- Fjáröflun

Skipting framlaga til UNICEF á Íslandi árið 2018
Donations to UNICEF Iceland 2018



- Heimsforeldrar
- Neyðarstyrkir
- Sannar gjafir
- Stakar gjafir
- Fyrirtæki (án neyðarstyrkja)
- Aðrar tekjur
- Sjóðir (neyð)
- Rekstrartekjur
- Réttindagæsla og verkefni á Íslandi


© UNICEF / Herwig


© UNICEF / Njiokiktjien VII

HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

Tekjur	
Heimsforeldrar	592.328.545
Neyðarstyrkir	32.293.292
Sannar gjafir	30.829.746
Stakar gjafir	8.442.146
Fyrirtæki (án neyðarstyrkja)	17.059.813
Aðrar tekjur	12.763.100
Sjóðir (neyð)	4.800.000
Rekstrartekjur	9.488.700
Réttindagæsla og verkefni á Íslandi	22.507.430
Samtals	**730.512.772**

Útgjöld

Kostnaður við fjáröflun	134.657.689
Kynningarmál	16.812.722
Stjórnun	14.313.847
Alls	**165.784.258**

Ráðstöfun til hjálparstarfs

Alþjóðleg verkefni	
Almenn verkefni UNICEF*	470.523.186
UNICEF í Jemen	17.573.445
UNICEF í Bangladess	10.138.546
UNICEF í Kólumbíu	1.163.239
UNICEF í Líbanon	3.200.000
Til alþjóðlegra verkefna alls	**502.598.416**
Fjármagn sem verður ráðstafað árið 2019:	35.473.326

*Fjármagn sem safnaðist árið 2017 er innifalið.

Innlend verkefni	
Réttindagæsla og verkefni á Íslandi	29.859.783
Til innlendra verkefna alls	**29.859.783**
Alls ráðstafað til baráttu UNICEF fyrir börn um allan heim	**532.458.199**

Allar upphæðir eru í íslenskum krónum. Deloitte annaðist endurskoðun á ársreikningi UNICEF á Íslandi. Ársreikninginn má nálgast á skrifstofu UNICEF á Íslandi.

KEY FINANCIAL FIGURES

Donations	
Global Parents	592.328.545
Emergency aid	32.293.292
Inspired gifts	30.829.746
One off appeals	8.442.146
Corporate partnerships (excl. emergency aid)	17.059.813
Other income	12.763.100
Foundations	4.800.000
Operational support	9.488.700
Advocacy and child rights education	22.507.430
Total	**730.512.772**

Expenditure

Fundraising cost	134.657.689
Communication	16.812.722
Administration	14.313.847
Total	**165.784.258**

Programme allocation

International projects	
Regular resources, UNICEF projects*	470.523.186
UNICEF Yemen	17.573.445
UNICEF Bangladesh	10.138.546
UNICEF Colombia	1.163.239
UNICEF Lebanon	3.200.000
Total international projects	**502.598.416**
Funds which will be allocated in 2018:	35.473.326

*Also includes funds raised in the budget year of 2017.

Domestic projects	
Child rights advocacy and domestic programmes	29.859.783
Total domestic projects	**29.859.783**
Total UNICEF projects for children globally	**532.458.199**

All figures are in Icelandic krona. Deloitte audited the finances of UNICEF Iceland. For further information please contact UNICEF Iceland.

Framlög íslenska ríkisins til UNICEF

UNICEF er skilgreind sem ein af fjórum lykilstofnunum í marghliða þróunarsamvinnu Íslands og er samstarf íslenska ríkisins við barnahjálpina afar gott og náið. Íslenska ríkið er álitið fyrirmyndar styrktaraðili UNICEF vegna hárra kjarnaframlaga (e. regular resources) og mjög mikils stuðnings miðað við höfðatölu. Framlög Íslands til UNICEF hafa aukist stöðugt síðustu ár en aukningin á milli 2017 og 2018 hefur sjaldan verið meiri eða tæp 160%. Sú aukning gerir UNICEF kleift að ná til enn fleiri barna um allan heim og hátt hlutfall kjarnaframlaga (tæplega 130 milljónir króna) hjálpar UNICEF að sinna þróunar- og hjálparstarfi á svæðum sem eru ekki í kastljósi fjölmiðla og umheimsins, þar sem kjarnaframlög eru ekki eyrnamerkt ákveðnum verkefnum. Við færum íslenskum yfirvöldum hugheilar þakkir fyrir hönd þeirra ótal barna sem njóta munu góðs af stuðningnum. Árið 2018 gaf Ísland, ríki og landsnefnd, næst hæstu framlögin til UNICEF alþjóðlega, sé miðað við höfðatölu. Af því erum við afskaplega stolt og þakklát!

Aukinn stuðningur, fleiri verkefni

Fyrir utan hin mikilvægu kjarnaframlög, styður Ísland ýmis verkefni UNICEF víða um heim. Íslenska ríkið heldur áfram að vera stærsti einstaki stuðningsaðili þriggja ára verkefnis í Sambesíufylki í Mósambík þar sem UNICEF byggir upp vatns-, hreinlætis- og salernisaðstöðu í sex héruðum sem eru meðal þeirra fátækustu í landinu. Stuðningurinn við verkefnið nam samanlagt tæpum 269 milljónum króna árið 2018.

Á árinu veitti utanríkisráðuneytið einnig tæpri 21 milljón króna til samstarfsverkefnis UNICEF og UNFPA, um afnám á limlestingu á kynfærum kvenna og stúlkna. Samstarf UNICEF og UNFPA hefur það að markmiði að hraða afnámi þessarar skaðlegu hefðar og nær til sautján ríkja í Afríku.

Utanríkisráðuneytið studdi einnig ötullega við neyðaraðgerðir UNICEF vegna átakanna í Jemen og Sýrlandi á árinu 2018 með tæplega 50 milljón króna framlagi til Jemen og 27 milljónum króna til Sýrlands. Utanríkisráðuneytið hélt einnig áfram stuðningi sínum við verkefni UNICEF í Palestínu, en árið 2018 veitti ráðuneytið þangað 19,8 milljónum króna.


Ráðist var í nýtt vatns- og hreinlætisverkefni í samstarfi við UNICEF í Síerra Leóne og Líberíu í Vestur-Afríku. Verkefnið snýr að bættri vatnsveitu á svæðum þar sem fiskveiðar eru aðal lífsviðurværið. Styrkurinn til hvorrar landsskrifstofu nam 91 milljónum króna á árinu 2018.

Íslenska ríkið styrkti einnig rausnarlega vatns- og hreinlætismál fyrir fjölskyldur á flótta undan átökunum í Suður-Súdan. Tæplega 117 milljónir runnu til þess mikilvæga verkefnis árið 2018.

Íslenska ríkið styrkti einnig starf friðargæsluliða sem sinnti barnaverndarstarfi fyrir UNICEF í Eþíópíu.

Loks ber að geta 7,5 milljóna króna framlags utanríkisráðuneytisins til UNICEF á Íslandi samkvæmt samstarfssamningi um fræðslu og upplýsingagjöf um starfsemi UNICEF ásamt því að vera ráðuneytinu til ráðgjafar vegna málefna barna á alþjóðavettvangi.

Framlög íslenska ríkisins til verkefna UNICEF 2018 (í milljónum króna)





© UNICEF / Delongh



© UNICEF / Gilbertson VII



© UNICEF / Wilander


© UNICEF / Schermbrucker


© UNICEF

Overview of the year 2018

Fundraising

UNICEF relies entirely on voluntary contributions. The support that we receive from the public, companies, funds, organizations and the government is what enables us to carry out our work for children all around the world. Fundraising is therefore a major part of UNICEF's work in Iceland.

UNICEF Iceland raised a total of just over 730 million ISK in 2018, a 10.2% increase from the previous year. The Icelandic National Committee for UNICEF raises the highest amount of funds per capita of all the UNICEF national committees.

As in previous years, our largest supporters were our pledge donors, the Global Parents. A total of 925 new Global Parents joined UNICEF's fight for children's rights in 2018, with 26.700 Global Parents in total. This large and diverse group consists of people of all ages and backgrounds who share our vision of wanting to make the world a better place for children.

Global Parents portray a clear example of how much can be achieved through a combined effort. In 2018, the monthly donations of Global Parents reached over 592 million ISK. That is roughly 81% of UNICEF Iceland's total income in 2018. These donations are vital for improving the lives of children and setting in motion large scale improvements the world over.

Emergency campaigns

Other fundraising activities included an emergency appeal in May with a campaign titled „Can I tell you something?" for the crisis in Jemen. Children in Jemen are suffering because of a longstanding conflict and Jemen is now one of the worst places in the world to be a child, as almost every child in the country is in need of emergency assistance. The campaign was well received and raised 29,8 million ISK for children in Jemen over the course of the year. With the helping hand of valued partners, UNICEF Iceland also continued to raise funds for Syria and neighboring countries in 2018 and managed to raise a total of 4 million ISK. UNICEF's emergency program in Syria is one of the most extensive projects in UNICEF's history. The total raised for emergency appeals in 2018 was just over 37 million ISK.

Inspired gifts

Inspired gifts remained popular and a total of 30 million ISK were raised in the year 2018. The majority of the gifts were bought just before Christmas, as UNICEF launched a Christmas campaign featuring well-known personalities from the Icelandic community, creating ornaments for the holidays with not so good results. The solution? To buy inspired gifts!

Corporate partners

UNICEF Iceland continued a successful collaboration with its corporate partners in 2018. Te & Kaffi supported UNICEF with proceeds from sales for 10 days in honor of our 10 year partnership anniversary. Lindex Iceland sold Christmas cards in the form of Inspired gifts in their stores before Christmas and Kvika bank supported UNICEF with an annual donation as well as supplying bank service at minimum cost.

Several other corporate partners and companies supported UNICEF in the form of free or discounted goods and services. Oddi printing company printed UNICEF's material free of charge and Reitir Real Estate continued to lease UNICEF an office space for a very reasonable price.

Key financial figures:

See tables and graphs on p. 12-13.


© UNICEF / Wilander


© UNICEF / Wilander

Advocacy and Education or Development

UNICEF carried on a strong advocacy policy in Iceland in 2018. The UNICEF-movement project, which encourages primary school children to raise awareness through sponsored runs and other activities, continued with over 7.000 students participating from 50 primary schools in Iceland. The project Child Friendly Cities continued, as the town of Kópavogur progressed in its implementation process. Rights Respecting Schools got awarded on the International day of the child in November. The UNICEF Iceland's youth council effectively advocated for various projects where they draw attention to the rights of children, both in Iceland and abroad.

The Icelandic government

A successful cooperation has remained between UNICEF and the Icelandic government for years and UNICEF is categorized as one of four key institutions in Iceland's multilateral development. Regular resources of the Icelandic government have grown in the past years, enabling UNICEF to work on projects and in areas that get little attention from the donor community as a whole. Apart from the generous contribution to Regular resources, Iceland supported WASH programs in Mozambique, Uganda, Sierra Leone and Liberia. Another regular project is UNICEF's joint program with UNFPA aiming at ending female genital mutilation/cutting. The Ministry of Foreign Affairs also supported UNICEF in the Occupied Palestinian Territories as well as UNICEF's emergency efforts in Yemen and Syria. In addition, a UNICEF-position in Ethiopia was funded by the Icelandic Ministry of Foreign affairs. Iceland's contribution to UNICEF grew by an impressive almost 160% from 2017 to 2018.

For all this and to all of those who supported UNICEF's work in one way or another in the past year, we would like to express our sincere gratitude.



© UNICEF / Gilbertson VII

Við erum UNICEF á Íslandi



Stjórn UNICEF á Íslandi 2018-2019. Stjórnarfólk UNICEF kemur víða að úr samfélaginu og tekur virkan þátt í að móta starf landsnefndarinnar.

Á árinu lét Guðrún Ögmundsdóttir af embætti stjórnarformanns landsnefndarinnar. UNICEF á Íslandi kann Guðrúnu bestu þakkir fyrir allt hennar óeigingjarna starf í gegnum árin.

Stjórn

Stjórnarformaður
Erna Kristín Blöndal

Varaformaður
Kjartan Ólafsson

Gjaldkeri
Líney Rut Halldórsdóttir

Tengiliður starfsfólks
Gunnar Hansson

Meðstjórnendur
Guðrún Nordal
Guðrún Hálfdánardóttir
Sigríður Thorlacius
Styrmir Gunnarsson

Fulltrúi ungmennaráðs
Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir

Starfsfólk UNICEF á Íslandi 2018

Framkvæmdastjóri
Bergsteinn Jónsson

Rekstrarstjóri
Ólöf Magnúsdóttir
(Áslaug Ármannsdóttir sinnti stöðunni frá september – desember)

Fjármálastjóri
Dröfn Guðmundsdóttir

Kynningarstjóri & fjölmiðlafulltrúi
Steinunn Jakobsdóttir

Markaðs- og kynningarfulltrúi
Steindór Gunnar Steindórsson

Teymisstjóri innanlandsstarfs
Hjördís Eva Þórðardóttir

Réttindagæslufulltrúar
Eva Bjarnadóttir
Nílsína Larsen Einarsdóttir
Pétur Hjörvar Þorkelsson
(hóf störf í nóvember)

Fjáröflunarstjóri
Anna Margrét Hrólfsdóttir


Fjáröflunarfulltrúar
Esther Hallsdóttir
Helena Margrét Friðriksdóttir
Helga Ólafsdóttir
(lét af störfum í september)
Ingibjörg Magnúsdóttir
(hóf störf í september)
Stefán Örn Gíslason
Vala Karen Viðarsdóttir
(lét af störfum í ágúst)

Þjónustuver
Alexandra Steinþórsdóttir
Eyrún Inga Jóhannsdóttir
Hólmfríður Ásta Magnúsdóttir

Vaktstjórar í símaveri
Guðjón Guðbjartsson
Guðmundur Gunnarsson

Einnig er starfrækt öflugt símaver með frábæru fólki sem skipar mikilvægan sess í starfi UNICEF á Íslandi.


© UNICEF / Párraga


© UNICEF / Knowles-Coursin


© UNICEF / Alghabri


Takk!

Við eigum mikið að þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem koma að baráttu okkar með einum eða öðrum hætti. Bæði fyrirtæki og einstaklingar um allt land hafa sýnt UNICEF ómetanlegan velvilja og stuðning. Margir hafa veitt afslætti og stutt þannig við starfsemina og aðrir hafa veitt beinan fjárhagslegan stuðning. Afar margir hafa líka gefið okkur vinnuna sína og eru ævinlega tilbúnir að aðstoða okkur með stórt sem smátt. Við færum öllum þeim fyrirtækjum, samstarfsaðilum og einstaklingum sem lögðu okkur lið á árinu 2018 hjartans þakkir fyrir. Sameiginlegt verkefni okkar allra er skýrt: að tryggja börnum heimsins réttindi sín.


© UNICEF



© UNICEF / Ramzi Haidar


© UNICEF / Mepham

UNICEF á Íslandi

Laugavegur 176
105 Reykjavík
Sími: 552 6300
unicef@unicef.is

www.unicef.is

Við erum Odda afar þakklát fyrir að gefa prentun þessarar ársskýrslu.

unicef | fyrir öll börn